

# Eystrahorn

17. tbl. 38. árgangur

Fimmtudagurinn 7. maí 2020

www.eystrahorn.is

## Konur á palli



Ágætu hornfirðingar. Við eigum öll okkar árvissu vorboða, eitthvað sem segir okkur að vorið sé komið, grundirnar að gróa og sumarið framundan. Í ár er allt breytt og fastir liðir eins og venjulega ekki endilega svo fastir. Einn af þessum árvissu vorboðum eru vortónleikar Kvinnakórs Hornafjarðar en vegna ástandsins í þjóðfélaginu verður ekki hægt að halda venjulega tónleika. En örvæntið eigi! Þar sem þið getið ekki komið til okkar, ætlum við að koma til ykkar! Gaman væri að eiga saman söngstund þar sem við syngjum fyrir ykkur og með ykkur. Við ætlum að rúnta um bæinn okkar á glæstum söngpalli og að sjálfsgöðu förum við eftir öllum covid reglunum. Sérlegur bilstjóri kórsins og eigandi söngvagnsins er Haukur Gíslason.

Fimmtudaginn 14. maí hefjum við söngferðina við Golfskálann og syngjum okkur í gegnum bæinn og stoppum á nokkrum vel völdum stöðum og tökum lagið. Golfskálinn kl. 17.00

- Kirkjubraut 36 til móts við Hótelúnið kl. 17.15
- Nettó/Nýheimar kl. 17.25
- Hafíð kl. 17.40
- Fákaleira 9 kl.17.55

Söngferðina ætlum við svo að enda á því að syngja fyrir utan hjúkrunarheimilið og Ekru. Það væri gaman að sjá ykkur sem flest og gleðilegt sumar.

*Kærar kveðjur frá Kvinnakór Hornafjarðar.*

## Lífræna tunnan er ekki ruslatunna

Í lífrænu tunnuna á EINUNGIS að fara matarleifar, bréfpurrkur, tannstonglar, eggjabakkar, te og kaffipokar og afskorin blóm.

Almennt standa íbúar sig vel í flokkuninni en undanfarið hefur borið á miklu magni af óæskilegum aukahlutum í lífrænu tunnuna í sveitarfélaginu. Hlutir á borð við plastumbúðir og raftæki sem eiga auðvitað alls ekki heima í lífrænu tunnunni hafa sést þar í.

Það er mjög mikilvægt að íbúar og rekstraraðilar sem eru með lífræna tunnu vandi sig við að flokka. Það er á ábyrgð ykkar að tryggja að einungis lífrænn úrgangur rati í lífrænu tunnuna. Í seinustu losun í sveitarfélaginu var svo mikið af aukahlutum í úrganginum að stór hluti hans endaði í urðun. Það er mjög sorglegt ef fáir aðilar, sem flokka illa, skemma fyrir heildinni, auka kostnað sem óhjákvæmilega greiðist af íbúum. Lífrænn úrgangur er ekki rusl heldur

verðmætt hráefni og eigum við að temja okkur slíkt hugarfar þegar við meðhöndlum úrganginn.

Við biðlum til íbúa að sjá sóma sinn í því að flokka rétt í tunnurnar. Héðan í frá munu tunnur sem rangt er flokkað í ekki vera tæmdar og mun starfsfólk merkja tunnuna þess efnis. Íbúi verður síðan sjálfur að sjá um tæminguna. Hægt er að nýta klippikort móttökustöðvarinnar í slíka umfram losun.

Myndirnar sem hér fylgja eru teknar á Höfn á seinustu vikum, þar má sjá dæmi um óæskilega aukahluti í lífrænutunnunni.

Hafi fólk ábendingar eða spurningar varðandi flokkun úrgangs þá er velkomið að senda mér tölvupóst á netfangið [anna@hornafjordur.is](mailto:anna@hornafjordur.is) og mun ég svara þeim eftir bestu getu.

Gleðilegt sumar!

*Anna Ragnarsdóttir Pedersen  
Umhverfisfultrúi*



Hægt er að nálgast blaðið og eldri blöð á [www.eystrahorn.is](http://www.eystrahorn.is)



**NÝHEIMAR**  
ÞEKKINGARSETUR

Ársfundur Nýheima þekkingarseturs  
verður haldinn í Nýheimum  
miðvikudaginn 13. maí kl.17:00

Dagskrá:

1. Venjubundin fundarstörf
2. Dr. Anna Guðrún Edvardsdóttir kynnr niðurstöður rannsóknarinnar *Staða og hlutverk þekkingarsetra í byggðapróun*
3. Karl Friðriksson hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands flytur erindið *Framtíðir – Hlutverk sviðsmyndagreininga í byggðapróun*

Allir velkomnir og hvattir til að mæta  
Stjórn Nýheima þekkingarseturs

**AÐALFUNDUR Ríkis Vatnajökuls ehf. 2020**

Aðalfundur Ríkis Vatnajökuls ehf. 2020 verður haldinn í veitingasal Glacier World í Hoffelli í Nesjum fimmtudaginn 27. maí kl. 13:00 -15:00. Dagskrá aðalfundar er venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt samþykktum félagsins og lögum um einkahlutafélag nr.138/1994 fyrir hlé og markaðsmál fyrir svæðið verða rædd eftir hlé.

Til að hægt sé að virða regluna um tveggja metra bil milli manna eru þeir sem hyggjast mæta á fundinn beðnir að tilkynna þátttöku með því að senda póst á [olga@visitvatnajokull.is](mailto:olga@visitvatnajokull.is)

F.h. stjórnar Ríkis Vatnajökuls ehf.  
Olga M. Ingólfssdóttir,  
framkvæmdastjóri



**Frumherji**  
Bifreiðaskoðun á Höfn  
11., 12. og 13. maí.

Tímappantani í síma 570-9090  
fyrir kl. 16:00 föstudaginn 8. maí.  
Næsta skoðun 22., 23., og 24. júní.

**Frumherji**

*þegar vel er skoðað*

Svalbarð 5 • Sími: 848-3933

Útgefandi:..... HLS ehf.

Ritsjóri og

ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson

Netfang: ..... [tjorvi@eystrahorn.is](mailto:tjorvi@eystrahorn.is)

Prófaralestur.... Guðlaug Hestnes

Umbrot: ..... Tjörvi Óskarsson

Prentun: ..... Litlaprent

ISSN 1670-4126



Sveitarfélagið  
**HORNAFJÖRÐUR**



**Innskráning nýnema í  
Grunnskóla Hornafjarðar**

Innritun barna sem fædd eru árið 2014 og eiga að hefja skólagöngu haustið 2020 fer fram í Grunnskóla Hornafjarðar 7.-14. maí. Foreldrar eru beðnir um að skila tveimur innritunarblöðum útfylltum í skólann en þau eru inni á heimasíðu skólans <https://gs.hornafjordur.is/skolinn/eydublod/>.

Æskilegt er að senda innritunarblöðin í tölvupósti á [daddar@hornafjordur.is](mailto:daddar@hornafjordur.is) en það má líka koma með þau í Hafnarskóla.

Verðandi nemendur í 1. bekk og foreldrar þeirra fá bréf í sumar með upplýsingum um bekkjarskiptingu og skólafarfið en skóli verður settur 24. og 25. ágúst.



Skólastjóri Grunnskóla Hornafjarðar



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / [www.hornafjordur.is](http://www.hornafjordur.is)



Sveitarfélagið  
**HORNAFJÖRÐUR**



**Inntaksgrindur fyrir hitaveitu**

Sveitarfélagið Hornafjörður fékk eftirfarandi tilboð í inntaksgrindur frá Danfoss vegna tenginga á hitaveitu í íbúðarhús. Húsasmiðjan bauð hagkvæmasta verðið.

- Sambyggð grind 24KW með 75KW neysluvatn 290.635 kr. m.vsk
- Sambyggð grind 36KW með 75KW neysluvatn 295.691 kr. m.vsk
- Húsasmiðjan veitir öllum sem kaupa inntaksgrind í gegn um sveitarfélagið 30% afslátt af pípulagningavörum.
- Pípulagningamenn geta veitt upplýsingar um hvaða grindur henta í viðkomandi íbúðarhúsnaði.

**Fyrirkomulagið er eftirfarandi:**

Panta þarf inntaksgrindur á netfangið

[afgreidsla@hornafjordur.is](mailto:afgreidsla@hornafjordur.is) eða í síma 470 8000. Íbúar fá grindurnar afhentar hjá Húsasmiðjunni gegn kvittun frá sveitarfélaginu. **Athugið**, skýrt þarf að vera hvaða grind er pöntuð því starfsmenn sveitarfélagsins sjá ekki um að meta slíkt. **Pantanir skulu berast fyrir 17. maí.**



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / [www.hornafjordur.is](http://www.hornafjordur.is)



# Samtök þekkingarsetra (SPS) stofnuð

Þann 22. apríl sl. voru formlega stofnuð Samtök þekkingarsetra (SPS) sem Nýheimar þekkingarsetur er aðili að.

Um er að ræða netverk þekkingarsetra á landsbyggðinni sem starfa samkvæmt samningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Meðal sammingsbundinna verkefna setrana eru rannsóknir og þróun til eflingar byggðar, þjónusta við háskólanema, hagnýting og miðlun þekkingar sem og efling nýsköpunar, atvinnu og samfélagsþróunar. Hin nýstofnuðu samtök hafa þann tilgang að efla samvinnu setrana á landsbyggðinni, gæta sameiginlegra hagsmuna þeirra og efla skilning á mikilvægi starfseminnar.

Hugrún Harpa, forstöðumaður Nýheima þekkingarseturs, er fyrsti formaður samtakanna og verður fyrsti ársfundur SPS haldinn á Höfn á haustmánuðum 2020



Hugrún Harpa formaður Samtaka þekkingarsetra

## Æfingar hefjast aftur hjá UMF. Sindra

Þann 4. maí hófust æfingar aftur hjá Ungmennafélaginu Sindra. Stundatöflur sem voru fyrir breytingar haldast óbreyttar áfram hjá Grunnskólabornum. Aðrir iðkendur þurfa að hafa samband við sína þjálfara. Við viljum biðla til foreldra að hvetja börnin sín til þess að halda áfram í íþróttum og hætta ekki iðkun íþróttarátt fyrir þetta stutta tímabil.

Margar vetraríþróttir taka hvíld yfir sumarmánuðina og það má líta á þetta

sem ákveðna hugarþjálfun að halda áfram iðkun íþróttarátt fyrir að mæta ekki á æfingastaðina.

Miðað við reynsluna þá er núna hættu á að huginn hjá krökkum leiti annað en í íþróttir og því er gríðarlega mikilvægt að foreldrar styðji og hvetji börnin sín, sérstaklega á unglingsaldri að mæta á æfingar og hitta félagana undir skipulögðu íþróttastarfi.

Margar rannsóknir sýna fram á að þeir

sem eru í skipulögðu íþróttastarfi eru ólíklegri til að stunda andfélagslega hegðun og nota áfengi og fíkniefni og hvert ár sem hægt er að fresta áfengisdrykkju hjá börnum og unglingum er gríðarlega mikilvægt í baráttunni fyrir betra samfélagi.



### Íþróttahús Heppuskóli

20.1.2020

Tími	Mánudagur	Tími	Þriðjudagur	Tími	Miðvikudagur	Tími	Fimmtudagur	Tími	Föstudagur	Tími	Laugardagur
07:00		07:00		07:00		07:00		07:00		07:00	
08:10	///////	08:00	///////	08:10	///////	09:05	///////	08:50	///////	08:00	///////
11:10	///////	09:00	///////	09:30	///////	11:10	///////	11:50	///////	10:00	///////
13:30	///////	10:30	///////	10:30	///////	12:00	///////	12:30	///////	11:00	///////
13:40	Karfa 1-2 bekkur	13:40	///////	13:00	///////	14:00		13:20	///////	12:10	Leikskólabolti
14:20	Karfa 7-10 bekkur	14:20	Karfa 4-6 bekkur	14:20	Karfa 1. bekkur	14:20	Blak 1-3 b. / Karfa 7-10 b.	14:20	Fiml. 4-5 bekkur kvk	13:00	Karfa 3-6 bekkur
15:10	Karfa 3-6 bekkur	15:10	Karfa 7-10 bekkur	15:10	Karfa 2-3 bekkur	15:10	Blak 4-6 bekkur	15:50	Fiml. 3b kvk-3-5 b kk	13:50	Karfa 7-10 bekkur
16:00	Blak 1-3 bekkur	16:00	Frjálsar 5-10 bekkur	16:00	Karfa 7-10 bekkur	16:00	Blak 7-10 bekkur	17:20	Fiml. 6-7 b kvk / 6 b kke	14:40	Karfa mfl. Kv.
16:40	Blak 4-6 bekkur	16:50	Karfa mfl. Ka.	16:50	Karfa 4-6 bekkur	17:10	Karfa mfl. Ka.	17:50	Fiml. 6-7 b kvk / 6 b kke	15:30	Karfa mfl. Ka.
17:50	Blak 7-10 bekkur	17:40	Karfa mfl. Ka.	17:40	Fiml. 8-10 bekkur kvk	17:50	Karfa mfl. Ka.	18:50	Badminton	16:40	Karfa mfl. Ka.
19:10	Karfa Old boys	18:30	Blak mfl. Kv.	18:30	Fiml. 8-10 bekkur kvk	18:30	Blak mfl. Ka.	19:50	Karfa Old boys	17:00	Lokað
20:00	Karfa mfl. Ka.	19:10	Blak mfl. Kv.	19:20	Karfa mfl. Ka.	19:20	Blak mfl. Ka.	20:40	Karfa mfl. Ka.		
20:20	Karfa mfl. Ka.	20:10	Blak mfl. Ka.	20:10	Karfa mfl. Ka.	20:00	Blak mfl. Kv.	21:00	Karfa mfl. Ka.		
21:00	Karfa mfl. Ka.	20:40	Blak mfl. Ka.	21:00	Karfa mfl. Kv.	21:00	Blak mfl. Kv.	21:30	Karfa mfl. Ka.		
21:50	Lokað	21:50	Lokað	21:50	Lokað	21:50	Lokað	21:50	Lokað		

### Mánagarður

Tími	Mánudagur	Tími	Þriðjudagur	Tími	Miðvikudagur	Tími	Fimmtudagur	Tími	Föstudagur	Tími	Laugardagur
14:25	RÚTUR	14:25	RÚTUR	14:25	RÚTUR	14:25	RÚTUR	14:25	RÚTUR	10:00	Leikskólafliml.
14:40	Fiml. 6-7b kvk & 6b kke	14:40	Fiml. 1-2 bekkur kk & kvk	14:40	Fiml. 6-7b kvk & 6b kke	14:40	Fiml. 3-5b kvk & 3b kvk	14:40	Fiml. 1-2 bekkur kvk & kvk	10:40	Leikskólafliml.
16:20	RÚTUR	15:45	RÚTUR	16:40	Leikskólafliml.	14:40	Fiml. 4-5b kvk				
16:30	Fiml. 8b kvk	16:00	Fiml. 3-5b kvk & 3b kvk			16:10	RÚTUR				
		16:00	Fiml. 3-5b kvk			16:20	Fiml. 8b kvk				

### Sundlaug Hafnar

Tími	Mánudagur	Tími	Þriðjudagur	Tími	Miðvikudagur	Tími	Fimmtudagur	Tími	Föstudagur	Tími	Laugardagur
14:10	Sund 1-2 bekkur			14:10	Sund 1-2 bekkur						
15:10	Sund 8-10 bekkur +	15:10	Sund 8-10 bekkur +	15:10	Sund 8-10 bekkur +	15:10	Sund 8-10 bekkur +	15:30	Sund 3-6 bekkur		
16:10	Sund 8-10 bekkur +	16:10	Sund 8-10 bekkur +	16:10	Sund 8-10 bekkur +	16:10	Sund 8-10 bekkur +				
				17:40	Sund 3-7 bekkur						

	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau	Sun	Þjálfarar	Völlur
7 fl. kk kvk				13:20	13:20			Steinar, Mate, Samira, Sessilla, Einar	Sindravellir
6 fl. kk kvk	13:30				14:20	11:00		Steinar, Mate, Samira, Sessilla, Einar	Sindravellir
5 fl. kk kvk	16:30		15:00		16:00		13:30	Einar, Sesselja, Vesko, Samira	Sindravellir
4 fl. kk		16:00	17:00	16:00		12:00		Vesko, Mate	Sindravellir
4 fl. kvk		17:00		15:00	17:00	13:30		Vesko, Samira	Sindravellir
3 fl. kk, kvk		18:15	18:15		18:15		15:00	Vesko, Mate	Sindravellir
mfl kvk	17:15/18:15		17:15/18:15	17:15/18:15			12:00/13:00	Vesko, Mate	Mánavöllur
mfl kk	19:15	18:00		19:15	18:00	9:30		Ingvi	Mánavöllur

# Seglum hagað eftir vindi

Önnur aðgerðaráætlun ríkisstjórnar Katrínar Jakobsdóttur var kynnt á dögunum. Af hálfu stjórnarandstöðunnar sætir hún gagnrýni fyrir að vera of mögug. - Fyrirtæki í forgrunni, en ekki fólk, segir einn. - Ekki neitt marktækt gert fyrir heimilin segir annar, og sá þriðji að ekki sé gert nóg fyrir fyrirtæki, og allra sist varðandi nýsköpun sem er lykkill að framtíð sumra atvinnuvega.

## Er fólk á heimilum?

Þá er bara að rýna í langa lista aðgerða fyrsta og annars „pakka“. Milljóna- eða milljarðauppþæðir ganga til geðheilbrigðisþjónustu, heilsugæslunnar, átaks gegn heimilisofbeldi, ofbeldi gegn börnum og viðkvæmum hópum, til stuðnings tómsundastarfi barna og virkni foreldra langveikra barna, og til úrræða við félagslegri einangrun fólks. Til fjölgunar alls kyns námsúræða og einnig til sérnámskeiða fyrir atvinnuleitendur og til tímabundinna starfa ungs fólks. Listamannalaun eru styrkt og stutt er við aukin félagsstörf aldraðra og öryrkja. Þá er félagslegur stuðningur aukinn við fjölskyldur með fötlud börn og börn af erlendum uppruna og fjölmörg heimili fá hækkaðar barnabætur (skv. ákvörðun frá því fyrr á þessu þingi) og sérstakur barnabótaauki verður greiddur út í byrjun júní.

## Eru launamenn hjá fyrirtækjum?

Hægt er að rýna í fleiri aðgerðir „pakka“ og skoða reglur um styrki til fyrirtækja er var skipað að loka, ríkistryggð stuðningslán til viðbótar við mun hærri brúarlán, hlutastarfabætur ríkisins (beint til launamanna), kanna frestun skattgreiðslna og breyttar reglur um efiurgjöf skulda lögaðila. Aðstoð við fyrirtæki er að stórum hluta aðstoð við launamenn og launamenn og einyrkjar eiga heimili. Því er tal um að sneitt sé

framhjá heimilum, og fyrirtækjum hyglad fremur en fólk, dapurlegur útúrsmúningur og pólitísk brella. Hitt má viðurkenna að enn þarf að gera betur til þess að aðstoð við heimil dugi og sem flestum fyrirtækjum forðað frá þroti. Að því er að sjálfsögðu unnið næstu mánuði.

## Of lítið gert fyrir nýsköpun í landinu?

Í fyrsta sinn er til nýsköpunarstefna á Íslandi. Búið var að auka fé til nýsköpunar áður en faraldurinn kom til sögu og breyta skipulagi og fjármögnunarleiðum í þágu öflugari vinnu. Með „pökkunum“ tveimur er enn bætt við. Fyrirtæki í nýsköpun og tækniþróun fá skattaávilnanir, endurgreiðslur til fyrirtækja vegna rannsókna og þróunar eru hækkaðar úr 20 í 25%, Tækniþróunarsjóður er eflur, nýr sprota- og nýsköpunarsjóður stofnsettur (Kria) og ríkið leggur til móttframlag til fyrirtækja sem eru komin mjög langt í þróun að lokastigi. Rýmkað er um fjárfestingar lífeyrissjóða í nýsköpun. Öflugur Matvælasjóður hefur starfsemi til nýsköpunar og þróunar matvæla og samningum við garðyrkjubændur verður lokið með aukaframlagi og auknu fé til niðurgreiðslna rafokukostnaðar. Nýsköpunarsjóður námsmanna verður eflur til að efla nýsköpun meðal ungra frumkvöðla. Nóg að gert? Efalítið ekki og eftir mat á framgangi nýsköpunar, m.a. utan SV-hornsins, verður staðan endurskoðuð og fleiri aðgerðir kynntar.

Ég hef ekki tíundað upphæðir eða allar aðgerðir, aðeins reynt að andmæla síbyljunni um hve lítil skref eru tekin. Minni aðeins á allmargar aðgerðir sem munu gagnast vel. Auðvelt er að kynna sér jafnt upphæðir sem aðgerðir. Sú leið að ákvarða viðbrögð af yfirvegun og taka skref í takt við framvindu mála er réttari í langvinnri náttúruvá



en örfá sjómílnaskref sem hvorki taka mið af símati né mjög breytilegum aðstæðum, einkalega utanlands.

Höfundur er þingmaður VG í Suðurkjördæmi



Sveitarfélagið  
HORNAFJÖRÐUR



## Beitar- og slægjuhólf á Höfn 2020

Sveitarfélagið auglýsir eftir umsóknum í svæði til beitar og slægju á landi Hafnar.

Öll gögn er málið varðar verða aðgengileg þann 11. maí kl 12:00 og má nálgast þau á heimasíðu sveitarfélagsins [www.hornafjordur.is](http://www.hornafjordur.is) Umsóknarfrestur er frá 11. maí til og með 22. maí kl 12:00, umsóknin skal berast á þar til gerðu eyðublaði sem nálgast má á heimasíðunni. Umsóknin skal send til umhverfisfulltrúa í tölvupóst á [anna@hornafjordur.is](mailto:anna@hornafjordur.is)

Í kjölfarið verða gerðir samningar milli leigutaka og sveitarfélagsins. Reynt verður að koma til móts við óskir fólks.

Mikilvægt er að allir sem hafa áhuga sækja um hólf, líka þeir sem hafa í ára raðir nýtt sér ákveðin svæði.

Engir samningar eru í gildi.

Í lok samningstímans verður gerð úttekt á beitarhólfum og þau metin með sjálfbærni að leiðarljósi. Mikilvægt er að leigutaki fari vel með landið og skili því í góðu ásigkomulagi í lok samningstímans.

Hafi fólk spurningar eða athugasemdir má hafa samband við Önnu umhverfisfulltrúa í netfang [anna@hornafjordur.is](mailto:anna@hornafjordur.is)

Anna Ragnarsdóttir Pedersen  
Umhverfisfulltrúi



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / [www.hornafjordur.is](http://www.hornafjordur.is)



## SJÓMANNA DAGURINN 2020

Þar sem erfitt verður að uppfylla skilyrði samkomubanns, sem að öllum líkindum verður í gildi um sjómannadagshelgina, hefur sjómannadagsráð ákveðið að aflýsa hátíðarhöldum vegna sjómannadagsins í ár.

Við hvetjum fólk til að halda daginn hátíðlegan á sinn hátt og taka tillit til gildandi samkomubanns.

SJÓMANNADAGSRÁÐ



# ALLT FYRIR HELGINA Í NETTÓ!

Roast beef  
Innræleri

**2.199** KR/KG  
ÁÐUR: 3.999 KR/KG

**-45%**



Grísarífur  
Kjötsel

**1.199** KR/KG  
ÁÐUR: 1.999 KR/KG

**-40%**



Marineraðar  
lambakótilettur  
Kjötsel

**1.679** KR/KG  
ÁÐUR: 2.799 KR/KG

**-40%**



Lambagúllas  
Kjötborð

**1.749** KR/KG  
ÁÐUR: 2.499 KR/KG

**-30%**



Kjúklingabringur í  
grillmarineringu  
Ísflugl

**1.938** KR/KG  
ÁÐUR: 2.769 KR/KG

**-30%**



**GÓMSÆTT Á GRILLIÐ!**

**-50%**

Lambaframpartssneiðar  
Kryddaðar

**1.300** KR/KG  
ÁÐUR: 2.599 KR/KG

**VERÐ-SPRENGJA!**



Lambi WC pappír  
12 rúllur

**790** KR/PAK  
ÁÐUR: 1.129 KR/PAK

**-30%**



Rauð epli  
1 kg

**592** KR/PAK  
ÁÐUR: 789 KR/PAK

**-25%**



Heilsuvara  
vikunnar!  
☆☆☆

Now B-12  
vítamín  
100 töflur

**1.079** KR/PAK  
ÁÐUR: 1.439 KR/PAK

**-25%**



Avocado  
700 gr

**375** KR/PAK  
ÁÐUR: 749 KR/PAK

**-50%**



**nettó**  
Lægra verð - léttari innkaup



VERSLAÐU Á NETINU  
[www.netto.is](http://www.netto.is)

Tilboðin gilda 7. - 10. maí

Tilboðin gilda meðan birgðir endast.  
Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.  
Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

PYLSU  
TILBOÐ

Hot dog special

599 kr.



Tilboð gilda út maí 2020

BÉRNAISE  
BORGARA  
MÁLTÍÐ

Bérnaise burger meal

1.890 kr.



Gosflaska frá CCEP fylgir með  
Tilboð gilda út maí 2020

N1 Höfn

